

## AUGLÝSING

### um niðurfærslu tolla.

Með heimild í 6. lið 3. gr. tollskrárlaga nr. 7/1963 og með vísun til auglýsingar nr. 73/1943, um viðskiptasamning, er gerður var í Reykjavík 27. ágúst 1943 milli Íslands og Bandaríkja Ameríku, hefur ráðuneytið ákveðið að færa niður tolla á eftirgreindum vörum þannig, að tollar þessir breytist frá því, sem þeir eru nú í tollskrárlögunum, og þeir verði eins og að neðan greinir:

Tollskrá	Vörutegund	
Kafli Nr.		
08.04.21	Rúsínur .....	25%
08.06.10	Epli .....	15%
08.06.20	Perur og kveður .....	15%
08.12.01	Sveskjur .....	25%
15.07.81	Sojabaunaolía .....	10%
15.07.82	Baðmullarfræsolía .....	10%
19.05.00	Neyzluvörur úr uppbólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum, svo sem „puffed rice“, „cornflakes“ eða þess konar vörur ..	50%
20.07.09	Ávaxtasafi o. s. frv., annar .....	60%

Tollabreytingar þessar gilda frá og með 2. desember 1963.

*Fjármálaráðuneytið, 29. nóvember 1963.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

Nr. 215.

27. nóvember.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Þorkels Ólafssonar, trésmíðameistara, og Rögnvalds Ólafssonar, húsameistara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. nóvember 1963.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Þorkels Ólafssonar, trésmíðameistara,  
og Rögnvalds Ólafssonar, húsameistara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Jóns Þorkels Ólafssonar, trésmíðameistara, og Rögnvalds Ólafssonar, húsameistara.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frá Elínu Sigríði Halldórsdóttur, ekkju Jóns Þ. Ólafssonar, til minningar um þá bræður Jón Þorkel og Rögnvald, samkv. erfðaskrá,